

Sjúklingatrygging

Berglind Ýr Karlsdóttir, sviðsstjóri tryggingasviðs
Ellen Ósk Eiríksdóttir, verkefnastjóri í sjúklingatryggingu



Fyrri hluti: Almennt um sjúklingatryggingu

Hvað er sjúklingatrygging?

- Tryggir sjúklinga sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða meðferð í heilbrigðisþjónustu.
- Tryggir einnig þau sem missa framfæranda og foreldra sem missa barn, vegna rannsókna eða meðferðar í heilbrigðisþjónustu.
- Lögbundin trygging á Íslandi frá 2001, að norrænni fyrirmynd. Núgildandi lög nr. 47/2024 tóku gildi 1. janúar 2025.
- Víðtækari réttur til bóta úr sjúklingatryggingu en almennum skaðabótalögum.
- Ef bótaskylda er samþykkt greiðast bætur samkvæmt skaðabótalögum.
 - Miski, örorka, útlagður kostnaður og tímabundið tjón.

Upplýsingaskylda heilbrigðisstarfsfólks

- Eftir breytingu á lögum um sjúklingatryggingu (2025) er heilbrigðisstarfsfólki skylt að upplýsa og leiðbeina um sjúklingatryggingu
- Í lögunum er tekið fram að þessi skylda eigi sérstaklega við þegar upp koma tilvik sem ætla má að séu bótaskyld
- Bréf með leiðbeiningum var sent á allar heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk í febrúar sl.
- Velkomið er að fá sérstaka kynningu fyrir einstaka heilbrigðisstofnanir samkvæmt nánara samkomulagi. Fyrirspurnir má senda á sjuklingatrygging@sjukra.is

Hvaða tilvik má ætla að séu bótaskyld?

Tjónsatvik sem falla undir sjúklingatryggingu:

- Ófullnægjandi meðferð
- Sjaldgæfir og alvarlegir fylgikvillar meðferðar
- Slys í rannsókn eða meðferð
- Galli í tæki eða áhöldum
- Tjón vegna rangrar notkunar lyfs

Hvaða tilvik má ætla að séu bótaskyld?

- Ef tjón verður vegna meðferðar eða rannsóknar sem ætla má að unnt hefði verið að komast hjá ef meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt var og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
 - Dæmi: Vangreining, skaði á líffæri eða æðum í aðgerð, röng ávísun lyfja o.þ.h.
 - Dæmi um ófullnægjandi meðferð án þess að mistök hafi verið gerð: Brotáverki-sérhæfðari myndgreining

Hvaða tilvik má ætla að séu bótaskyld?

- Ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla meðferðar. Fylgikvillinn þarf að vera bæði sjaldgæfur (1-2%) og alvarlegur svo tryggingin eigi við.
 - Dæmi: barkaþræðing- tanntjón
 - Dæmi: kviðslit eftir aðgerð á kvið, sjaldgæfar sýkingar eftir aðgerð, taugaáverki í aðgerð, o.s.frv.
- Hvað er ekki bótaskyld?
 - Tjón sem er að rekja til sjúkdómsástands eða slyss en ekki til meðferðar.
 - Eiginleikar lyfja.

Hvernig skal leiðbeina um sjúklingatryggingu?

- Fara varlega í orðalag og passa sig að gefa ekki í skyn að fólk eigi rétt á bótum.
 - Frekar að benda fólki á að kanna hvort það eigi rétt á bótum.
- Málsmeðferð:
 - Sjúklingur sækir um bætur sjálfur, á eyðublaði sem er að finna inni á vefsvæði Sjúkratrygginga.
 - Gagnaöflun
 - Álit óháðs sérfræðings
 - Fundur fagteymis (Læknar og lögfræðingar stofnunarinnar)
 - Málsmeðferð hjá lögfræðingi
 - Stjórnvaldsákvörðun
- Heilbrigðisstarfsfólki er gefinn kostur á að skila inn greinargerð meðferðaraðila en kemur ekki að öðru leyti að málsmeðferðinni.
 - Tækifæri heilbrigðisstarfsfólks til að koma sínu sjónarmiði á framfæri

Spurningar?

Á döfinni

Innleiðing nýrra laga um sjúklingatryggingu er yfirstandandi hjá Sjúkratryggingum.

Endurtekning þessa veffundar verður í næstu viku, 14. maí 2025.

Velkomið er að fá kynningu fyrir einstaka heilbrigðisstofnanir samkvæmt nánara samkomulagi. Athugið í tengslum við nýlögfasta upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsfólks.

Allar fyrirspurnir sem varða sjúklingatryggingu, stöðu verktaka, iðgjöld og tengd mál má senda á netfangið sjuklingatrygging@sjukra.is.

Seinni hluti:
Löggjöld sjálfstætt starfandi
heilbrigðisstarfsfólks

Breytingar í sjúklingatryggingu 2025

Ný lög um sjúklingatryggingu tóku gildi 1. janúar 2025 og fólu í sér nokkrar mikilvægar breytingar.

Eftir lagabreytingu fer öll málsmeðferð vegna sjúklingatryggingar fram hjá Sjúkratryggingum.

- Sjúklingatrygging heilbrigðisstofnana í einkarekstri og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks fluttist frá váttryggingarfélögum til Sjúkratrygginga.
- Sömu málsmeðferðarreglur gilda, hvort sem tilkynnt atvik verður í opinberum eða einkarekstri. Sjúkratryggingar hafa skyldu til að rannsaka mál, og ákvarða um bótaskyldu og bætur.
- Heilbrigðisstarfsfólk greiðir enga „eigin ábyrgð“ þó greiddar séu bætur sé vegna tjóns. Iðgjöld hækka heldur ekki þó tjón verði.
- Reglugerð nr. 1690/2024 sett um iðgjöld einkarekinna heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks, upphæð þeirra og framkvæmd innheimtu. Miðað er við að innheimtu iðgjalda verði lokið 30.6.2025.

Trygging mismunandi hópa

Heilbrigðisþjónusta veitt af heilbrigðisstarfsfólki á að vera tryggð með sjúklingatryggingu. Lögboðin skyldutrygging.

- **Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður** í einkarekstri ber ábyrgð á eigin sjúklingatryggingu og tryggir sig sjálfur.
- **Launþegi**, hvort sem er hjá aðila í einkarekstri eða opinberum rekstri, er tryggður í gegn um vinnuveitanda. Ef vinnuveitandinn er í einkarekstri þarf hann að greiða iðgjöld fyrir sjúklingatryggingu starfsfólks.
Ábyrgðaraðili rekstrar skv. rekstrarskrá landlæknis ber ábyrgð á að upplýsa um fjölda starfsfólks.
- Í tilviki **verktaka** á heilbrigðisstofnun þarf, samkvæmt reglugerð um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar, að meta **hver raunveruleg staða hans er** innan stofnunarinnar.

Staða verktaka

Úr 14. gr. reglugerðar um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar:

*Við mat á því hvort heilbrigðisstarfsmaður starfi sjálfstætt í skilningi laga um sjúklingatryggingu eða sem hluti af starfsliði rekstraraðila **skal horfa til þess hvort heilbrigðisstarfsmaður starfi undir stjórn eða á ábyrgð annars heilbrigðisstarfsmanns eða í svo mikilli teymisvinnu með öðrum starfsmönnum að líta eigi á hann sem starfsmann starfsheildar, þ.e. heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana eða sambærilegrar starfsemi.***

Verkkaupi og verktaki verða að vera sammála um hvað á við í þeirra samningssambandi, vita hvað samið er um og hvert hlutverk verktakans er.

Telst verktakinn sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður (tryggir sig sjálfur) eða er hann í raun starfsmaður starfsheildar (fellur undir tryggingu vinnuveitanda)?

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður

- Sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður ber sjálfur ábyrgð á sinni sjúklingatryggingu.
- Til að mega starfa sjálfstætt þarf viðkomandi að hafa skráðan rekstur hjá landlækni og tengja sjúklingatryggingu hjá Sjúkratryggingum við rekstur sinn.
- Ef rekstur hefur ekki verið skráður hjá landlækni er best að gera þá skráningu strax og hafa samband við Sjúkratryggingar (sjuklingatrygging@sjukra.is).

Vinnuveitendur í sjálfstæðum rekstri

- Stofnanir og minni rekstrareiningar, þ.m.t. heilbrigðisstarfsmenn með einn annan heilbrigðisstarfsmann sem launþega.
- Vinnuveitandi ber ábyrgð á sjúklingatryggingu sinna launþega.
- Sama gildir um skráningu rekstrar hjá landlækni, hún verður að vera til staðar.

Skráning fyrir sjúklingatryggingu

Ábyrgðarmaður rekstrar, eins og hann er skráður hjá landlækni, ber ábyrgð á því að fjöldi starfsfólks, starfshlutfall, sérgrein og tímabil starfa sé rétt skráð.

Þessar upplýsingar eru forsenda þess að hægt sé að innheimta rétt iðgjöld samkvæmt reglugerð um iðgjöld vegna sjúklingatryggingar.

Ábyrgðarmaður rekstrar skráir sig á eigin kennitölu inn á **gg.sjukra.is** og skráir upplýsingarnar. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu.

Þú ert hér: [Forsíða](#) [Sjúklingatrygging](#)

Sjúklingatrygging sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks

Á þessari síðu skal skrá upplýsingar um rekstur sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólks sem munu mynda grundvöll fyrir fjárhæð iðgjalds fyrir sjúklingatryggingu. Hægt er að nálgast reglugerð heilbrigðisráðherra, sem kveður á um upphæð iðgjalda sjúklingatryggingar [hér](#). Hægt er að nálgast breytingareglugerð sem kveður á um breytingu á stofnreglugerð um iðgjöld [hér](#).

Hér er hægt að nálgast leiðbeiningar um skráningu.

Skráðar tegundir heilbrigðisstarfsmanna

Veldu rekstrarleyfisnúmer

☐ Sækja einnig útrunnar skráningar

☐ Óska eftir greiðsludreifingu

Leiðbeiningar um skráningu á tegund heilbrigðisstarfsmanns

Byrjað er á því að velja rekstrarleyfisnúmer sem á að vinna með. Þegar rekstrarleyfisnúmer hefur verið valið, birtist skráningarhlutinn. Smelltu á „Skrá nýja tegund“ til að skrá nýja tegund heilbrigðisstarfsmanns. Veljið tegund. Skráið hlutfall, fjölda og dagsetningar. Smelltu á  til að vista.

Til að breyta tegund heilbrigðisstarfsmanns er smelltu á 

[← Heilbrigðismál](#)

Ísland.is • Heilbrigðismál • Heilbrigðisstarfsfólk



Pjónustuaðili

Embætti

landlæknis

Tengt efni

Rekstur heilbrigðisþjónustu

Starfsleyfaskrá heilbrigðisstarfsfólks

Rekstraraðilaskrá

☰

🔊

Hlusta

▶

Í rekstraraðilaskrá eru upplýsingar um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsfólk, fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisþjónustu samkvæmt [lögum um landlækni og lýðheilsu](#) og [reglugerð um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur](#). Vera kann að embætti landlæknis hafi ekki verið tilkynnt um rekstur heilbrigðisþjónustu eða um breytingar á henni og er skráin birt með fyrirvara um það.

Rekstraraðilaskráin er uppfærð daglega og eru upplýsingar því birtar með fyrirvara um breytingar.

[Rekstraraðilaskrá - finna rekstraraðila](#)



Pjónustuaðili

Embætti

landlæknis

Efnisyfirlit

Rekstur heilbrigðisþjónustu

Fylgiskjöl

Forkröfur

Faglegar lágmarkskröfur

Algengar spurningar um rekstur heilbrigðisþjónustu

Afgreiðslutími tilkynninga og umsókna

Tölfræði um fjölda mála

Rekstur heilbrigðisþjónustu

☰

🔊

Hlusta

▶

Landlæknir gefur út staðfestingu á að rekstur heilbrigðisþjónustu uppfylli [faglegar lágmarkskröfur](#) og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Mikilvægt er að tilkynningar og umsóknir séu vel útfylltar og að þeim [fylgi öll tilskilin gögn](#) þar sem umbeðin gögn eru forsenda þess að landlæknir geti metið hvort hægt sé að staðfesta að reksturinn teljist uppfylla faglegar lágmarkskröfur.

Staðfesting á að rekstraraðili uppfylli faglegar lágmarkskröfur er ekki gefin út fyrr en öll tilskilin gögn liggja fyrir og að engar frekari kröfur eru gerðar af hálfu embætti landlæknis.

[Afgreiðslutími](#) er breytilegur eftir umfangi.

1. Tilkynning um rekstur heilbrigðisþjónustu

+

2. Tilkynning um breytingar á rekstri heilbrigðisþjónustu

+

Álagning iðgjalda

- Upphæðir iðgjalda einstaka sérgreina eru ákveðnar í reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 1690/2024.
- Byggir á tryggingastærðfræðilegum útreikningum, byggt á tjónaáhættu.
- Iðgjöld eiga að standa undir bótagreiðslum og rekstri tryggingarinnar, en engum öðrum kostnaði

→ Áætlun um að endurskoða reglugerðina árlega

- Iðgjöld sumra sérgreina hækka en annarra lækka.

Reglugerð 1690/2024

FYLGISKJAL

Fylgiskjal.

1. Tafla yfir áhættuflokkun heilbrigðisstarfsmanna.

Starfsheiti	Áhættuflokkur
Erfðaráðgjafar	F1
Hjúkrunarfræðingar i heimahjúkrun og á umönnunarstofnunum	F1
Iðjuþjálfar	F1
Heilbrigðisgagnafræðingar	F1
Lífendafræðingar	F1
Náttúrufraðingar i heilbrigðisþjónustu	F1
Næringarfræðingar	F1
Næringarráðgjafar	F1
Sjúkraliðar	F1
Sjúkranuðdarar	F1
Talmeinafræðingar	F1
Tannfræðingar	F1
Tanntæknar	F1
Tannsmiðir	F1
Þroskaþjálfar	F1
Félagsráðgjafar	F1

Fótaaðgerðafræðingar	F3
Hjúkrunarfræðingar	F3
Lyfjateknar	F3
Geislafræðingar	F3
Sjúkraþjálfarar	F3
Ljósmaður, heimaþjónusta	F3
Osteópatar	F3
Hnykkjarar (Kiropraktorar)	F4
Ljósmaður	F4
Lyfjafræðingar	F4
Tannlæknar, almennir	F4
Atvinnusjúkdómalæknar	F5
Barna- og unglingageðlæknar	F5
Barnalæknar	F5
Endurhæfingalæknar	F5
Geðlæknar	F5
Heimilislæknar	F5
Ljósmaður, heimafræðingar	F5
Lyflæknar, efnaskipta- og innkirtla	F5
Lyflæknar, ofnæmi og ónæmi	F5
Lyflæknar, smitsjúkdómar	F5

Svæfingalæknar	F6
Tannlækningar, skurðlækningar (kjálkaskurðaðgerðir o.þ.h.)	F6
Taugalæknar	F6
Augnlæknar, skurðaðgerðir	F7
Bráðalæknar	F7
Fæðingalæknar	F7
Háls-, nef- og eyrnalæknar	F7
Taugaskurðlæknar	F7
Þvagfæraskurðlæknar	F7
Bæklunarskurðlæknar	F8
Lýtalæknar	F8
Skurðlæknar	F8

2. Iðgjaldtafla fyrir árið 2025.

F1	17.935
F2	20.653
F3	28.805
F4	91.525
F5	118.700
F6	231.750
F7	553.500
F8	1.440.500

Tryggingin

- Lögjaldagreiðsla er forsenda tryggingar.
- Óheimilt er að starfa án sjúklingatryggingar.
- Ef trygging er ekki fyrir hendi ber landlækni að fella niður rekstrarskráningu.
- Ef tjón verður í ótryggðum rekstri sjá Sjúkratryggingar engu að síður um málið, en geta gert endurkröfu á bótagreiðslu á hinn ótryggða.

Framkvæmd innheimtu

- Samkvæmt gildandi reglugerð skal innheimtu fyrir árið 2025 vera lokið í lok júní 2025.
- Um er að ræða nýtt verkefni og hefur þurft að leysa úr ýmsum tæknilegum uppákomum.
- Í framtíðinni verða iðgjöld innheimt í desember/janúar fyrir komandi ár.

Framkvæmd innheimtu 2025

- Stór hluti hefur þegar fengið innheimtu í heimabanka.
- Greiðandi er skráður rekstraraðili samkvæmt skráningu hjá embætti landlæknis.
- Unnið er að því koma þeim greiðsluseðlum sem eftir standa í innheimtu.
- Heimilt er að greiðsludreifa hæstu iðgjöldum og þau sem það á við um fá sérstakar upplýsingar um það.

Spurningar?

Á döfinni

Innleiðing nýrra laga um sjúklingatryggingu er yfirstandandi hjá Sjúkratryggingum.

Endurtekning þessa veffundar verður í næstu viku, 14. maí 2025.

Velkomið er að fá kynningu fyrir einstaka heilbrigðisstofnanir samkvæmt nánara samkomulagi. Athugið í tengslum við nýlögfasta upplýsingaskyldu heilbrigðisstarfsfólks.

Allar fyrirspurnir sem varða sjúklingatryggingu, stöðu verktaka, iðgjöld og tengd mál má senda á netfangið sjuklingatrygging@sjukra.is.

Takk fyrir!